



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarstjórna, heilbrigðisnefnda og
stjórna landshlutasamtaka sveitarfélaga

Reykjavík 31. mars 2016

1512048SA GB
Málalykill: 11.00

Efni: Erindi til umræðu í sveitarstjórnunum, heilbrigðisnefndum og stjórnunum landshlutasamtaka

Á 836. fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem haldinn var 26. febrúar sl., voru til umfjöllunar málefni heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Eftirfarandi kemur fram í fundargerð:

Lagðir fram minnisþingar sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, frá fundi sambandsins og Samtaka atvinnulífsins, dags. 25. janúar 2016, um heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga. Einnig lagðir fram minnisþingar Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi frá fundi með Sambandi íslenskra sveitarfélaga 18. desember 2015, um frumvarp um breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 sem lagt var fram í vinnuhópi um innleiðingu tilskipunar um losun frá iðnaði, ásamt skilabréfi starfshóps um útfærslur á framkvæmd við leyfisveitingar og eftirlit samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Samþykkt var að kynna fyrir sveitarfélögum hugsanlegar breytingar á skipulagi og framkvæmd heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga.

Tilfni umfjöllunarinnar var að undanfarna mánuði hefur farið fram allmikil umræða um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits og hafa komið fram ólíkar skoðanir á því hvernig því verði best fyrir komið.

Stefnumörkun sambandsins 2014-2018 og breytt afstaða Samtaka atvinnulífsins

Afstaða Sambands íslenskra sveitarfélaga í umræðu um fyrirkomulag eftirlits hefur verið byggð á lið 3.4.12 í stefnumörkun sambandsins fyrir yfirstandandi kjörtímabil sveitarstjórna. Þar segir:

Sambandið skal beita sér fyrir því að eftirliti með starfsleyfis skyldri atvinnustarfsemi verði að meginstefnu sinnt af staðbundnum stjórnvöldum. Samræmingarhlutverk miðlægra eftirlitsstofnana verði eft til að stuðla að samræmdu eftirliti um allt land.

Það er eftirtektarvert að á undanförunum mánuðum hafa áherslur Samtaka atvinnulífsins (SA) breyst hvað varðar fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits. Í stað þess að leggja áherslu á að sett verði á fót miðlæg ríkisstofnun sem annast allt eftirlit með mengandi starfsemi, auk ýmissa annarra eftirlitsverkefna, hafa forsvarsmenn SA nú talað fyrir því að heilbrigðiseftirliti sé best fyrir komið hjá sveitarfélögum. Jafnframt tala samtökin fyrir því að starfsemi heilbrigðiseftirlits verði efld með því að færa því verkefni sem aðrar stofnanir annast nú. SA talar þó einnig fyrir því að nauðsynlegt sé að ná fram skilvirkni og bæta samræmi í eftirliti ef heilbrigðiseftirlitssvæði. Til að ná þeim markmiðum verði að fækka heilbrigðiseftirlitssvæðum með sameiningu heilbrigðisnefnda.



Forsvarsmenn Sambands Íslenskra sveitarfélaga hafa að ákveðnu marki tekið undir sjónarmið SA. Tíu heilbrigðiseftirlitssvæði, þar af þrjú á höfuðborgarsvæðinu, sé of mikið og tækifæri geti verið til að efla eftirlitssvæðin með aukinni samvinnu og sérhæfingu. Af hálfu sambandsins hefur hins vegar verið tekið skýrt fram að umræða verður að fara fram á vettvangi sveitarfélaga um það hvort vilji er til breytinga og þá jafnframt hve langt sé vilji til þess að ganga í átt til mögulegra breytinga.

Tækifæri eru til úrbóta

Ljóst má vera að mikill þrýstingur er á að breyta ýmsum atriðum í gildandi regluverki um eftirlit með starfsleyfisskyldri starfsemi. Á meðal ábendinga um mögulegar úrbætur sem fram koma í skýrslu sem starfshópur¹ skilaði til umhverfis- og auðlindaráðherra í október 2015 má nefna eftirfarandi:

1. Tækifæri eru til að endurskoða framkvæmd eftirlits þannig að það taki betur tillit til áhættu sem stafar af viðkomandi starfsemi og hvort fyrirtækið hafi innra eftirlit. Jafnframt eru tækifæri til að gera eftirlitið skilvirkara og hagkvæmara jafnt fyrir stjórnvöld og rekstraraðila
2. Æskilegt er að samræma viðbrögð við frávikum þannig að brugðist verði við öllum frávikum og þeim fylgt eftir
3. Koma þarf upp samræmdu verklagi við beitingu þvingunarúrræða
4. Við endurskoðun laganna ætti að leitast við að tryggja aðgengi almennings og fyrirtækja að eftirlitsaðilum
5. Við endurskoðun laga um hollustuhætti og mengunarvarnir eru tækifæri til að endurskoða samræmingarhlutverk Umhverfisstofnunar og framkvæmd þess
6. Við endurskoðun laganna eru tækifæri til að endurskoða ábyrgð heilbrigðisnefnda og Umhverfisstofnunar á framkvæmd eftirlits
7. Við innleiðingu á tilskipun 2010/75/ESB eru tækifæri til að endurskoða útgáfu starfsleyfa fyrir mengandi starfsemi
8. Við endurskoðun laganna mætti endurskoða hlutverk og stöðu heilbrigðisnefnda gagnvart sveitarfélögum og auka sjálfstæði þeirra.

Umræða á fundi með Samtökum atvinnulífsins

Á fundi sem Samband Íslenskra sveitarfélaga boðaði til, með þátttöku fulltrúa frá Samtökum heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi, Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins 25. janúar sl. var farið yfir hugmyndir Samtaka atvinnulífsins. Þær ganga í grundvallaratriðum út á það að skoða kosti þess að byggja eftirlit með fyrirtækjum að grunni til á heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga en stefna að því að fjölga eftirlitsverkefnum og fækka eftirlitssvæðum til að auka sjálfstæði eftirlitsins og efla faglegan grundvöll þess, jafnframt því sem einstök heilbrigðiseftirlitssvæði gætu annast sérhæfð eftirlitsverkefni fyrir allt landið.

SA kallar m.a. eftir því að gagnsæi verði aukið í starfsemi eftirlitsins, s.s. með því að sveitarfélögin greiði gjald fyrir þá þjónustu sem heilbrigðiseftirlit veitir þeim vegna

¹<http://gagnagatt.samband.is/meetingsearch/displaydocument.aspx?itemid=04635874977413946819&meetingid=1602011F> &filename=Starfshópur UAR - Skilabréf og greinargerð okt 2015.pdf&cc=Document



hollustuhátta og annarra verkefna í þágu sveitarfélaga á þeirra starfssvæði. Einnig þurfi að birta ársreikninga.

Þessi framtíðarsýn fékk í meginatriðum jákvæð viðbrögð á fundinum af hálfu fulltrúa sveitarfélaga, sem lögðu þó áherslu á að ekki væri tilefni til þess að fækka starfsstöðvum heilbrigðiseftirlits þótt mögulegt geti verið að fækka starfssvæðum heilbrigðiseftirlits. Fundarmenn voru sammála um mikilvægi nálægðar eftirlitsins við eftirlitsþega. Eftirlitið myndi jafnframt styrkjast mikið faglega ef það fengi fleiri eftirlitsverkefni, s.s. skv. lögum um matvæli, veitinga- og gististaði og um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Fundarmenn voru sammála um að tækifæri eru til einföldunar á núverandi fyrirkomulagi eftirlits, eins og raunar er farið yfir í fyrrnefndri skýrslu. M.a. væri hægt að líta til fyrirliggjandi tillagna um einföldun regluverks fyrir fyrirtæki í ferðapjónustu. Auðveldlega á að vera hægt að fækka eftirlitsferðum opinberra stofnana til slíkra fyrirtækja og draga þar með úr kostnaði við eftirlit.

Á fundinum voru einnig ræddar fyrirhugaðar lagabreytingar. Enginn meiningarmunur kom fram um að þótt fyrirtæki yrðu eftirleiðis ekki starfsleyfisskyld þyrfti áfram að vera öflugt eftirlit með því að fyrirtæki uppfylli lög um hollustuhætti og mengunarvarnir. Úrræði eftirlitsaðila til að bregðast við frávikum þurfi því að vera skýr í lögum. Fundarmenn voru hins vegar almennt á því að skráningarskylda í stað starfsleyfa geti vel verið framkvæmanleg en á eftir að útfæra.

Hver er afstaða sveitarfélaganna sjálfra?

Í samræmi við umfjöllun í stjórn sambandsins er óskað eftir því að þetta bréf verði lagt fram til umræðu í sveitarstjórnnum, heilbrigðisnefndum og stjórnnum landshlutasamtaka. Sambandið til þess að sveitarstjórnarmenn ræði þau álitamál sem rakin eru í bréfinu og búi sig jafnframt undir að eiga samtal við umhverfis- og auðlindaráðuneytið um það hve langt geti verið skynsamlegt að ganga í átt til hugsanlegra breytinga.

Af hálfu sambandsins þykir ástæða til að taka fram að á þessu stigi liggur ekki fyrir skýr stefna af hálfu ríkisins um möguleg ný verkefni sem færst gætu til heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga en gera verður ráð fyrir að slík verkefnatilfærsla sé forsenda af hálfu sveitarfélaga.

Æskilegt væri að fá skrifleg viðbrögð frá sem flestum viðtakendum þessa erindis, helst fyrir 15. maí nk. Af hálfu sambandsins er einkum óskað eftir því að fá fram sem skýrasta afstöðu sveitarstjórnarmanna til þess hvort þeir telji æskilegt að hafin verði formlega vinna við að endurskipuleggja starfsemi heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga á þann hátt sem lýst hefur verið í bréfinu.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs